

13 Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri
31. jan. vinnuaðstöðu.

Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóg-græðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrudjurta, til februnar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknaðstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

14

31. jan.

L Ö G

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 38 millj. króna af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir:

1. Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði	15 millj. kr.
2. Að lána byggingarsjóði verkamanna	4 — —
3. Að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, skv. III. kafla laga nr. 44/1946	4 — —
4. Að lána til byggingar smáíbúða	4 — —
5. Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir	3 — —
6. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir	5 — —

7. Að greiða upp í hluta rikissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar 2 millj. kr. 14
31. jan.
8. Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands 1 — —
- Vextir af lánum, skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera $5\frac{1}{2}\%$ á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hentara þykir, að lána úr mótvirðissjóði fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið 1. gr., enda sé þá varið jafnháum fjárhæðum af tekjum rikissjóðs árið 1951 til greiðslu á lausaskuldum rikissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótt- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis. 15
31. jan.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótt- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó“-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.